

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum
(sýklalyfjanotkun).

Flm.: Bergþór Ólason, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

1. gr.

Á eftir 15. gr. laganna kemur ný grein, 15. gr. a, svohljóðandi:

Fyrirtæki sem hafa með höndum smásölu matvæla skulu tryggja með merkingum í sölu-
rýmum að neytendur hafi greiðan aðgang að upplýsingum um upprunaland matvælna og
meðalnotkun sýklalyfja við framleiðslu matvæla í viðkomandi landi. Matvælastofnun skal
árlega gefa út leiðbeiningar um miðlun upplýsinga um upprunaland og sýklalyfjanotkun við
framleiðslu matvæla.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt í fjórða sinn en var síðast lagt fram á 151. löggjafarþingi (140. mál)
af Gunnari Braga Sveinssyni. Markmið frumvarpsins er að bæta miðlun upplýsinga til neyt-
enda um sýklalyfjanotkun við framleiðslu matvæla. Með þessu er tryggt að neytendur séu
upplýstir um meðalnotkun sýklalyfja við framleiðslu matvæla í upprunalandi þeirra matvæla
sem boðin eru til sölu í matvöruverslunum og geti byggt ákvarðanir sínar um val á matvöru
á þeim upplýsingum.

Í byrjun árs 2017 birti Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) lista yfir sýklalyfja-
ónæmar bakteríur þar sem stofnunin flokkaði tólf ættir baktería eftir áhættuflokkum.¹ Haustið
2019 varaði stofnunin við að jarðarbúar væru að verða uppiskroppa með nothæf sýklalyf og
hvatti til þróunar nýrra lyfja. Aðalframkvæmdastjóri stofnunarinnar, dr. Tedros Adhanom
Ghebreyesus, lýsti því yfir 20. september 2017 að neyðarástand væri að skapast í meðhöndl-
un sjúklinga vegna sýklalyfjaónæmis.² Þá kemur fram í skýrslu Evrópusambandsins frá því
í febrúar 2019³ að aukið ónæmi gegn sýklalyfjum stofni í hættu hefðbundinni meðferð við
lekanda, sem er næstalgengasti kynsjúkdómur innan EES-svæðisins. Í skýrslu sem unnin var
í Bretlandi um aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmum bakteríum kemur fram að árlega láti um
700.000 manns lífið á heimsvísu af völdum slíkra baktería.⁴

12. apríl 2017 skilaði starfshópur, skipaður af heilbrigðisráðherra, greinargerð um aðgerðir
til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi. Í greinargerðinni kemur m.a.

¹ https://www.who.int/medicines/publications/WHO-PPL-Short_Summary_25Feb-ET_NM_WHO.pdf

² <https://www.who.int/news-room/detail/20-09-2017-the-world-is-running-out-of-antibiotics-who-report-confirms>

³ <https://ecdc.europa.eu/en/news-events/gonorrhoea-drug-resistance-compromises-recommended-treatment-europe>

⁴ https://amr-review.org/sites/default/files/160525_Final%20paper_with%20cover.pdf

fram að sýklalyfjanotkun í dýrum hér á landi hefur verið ein sú minnsta á heimsvísu. Þá hafi algengi sýklalyfjaónæmis hér á landi verið umtalsvert minna en í nágrannalöndum. Í greinargerð starfshópsins og í áðurnefndri skýrslu frá Bretlandi er fjallað um mikilvægi þess að auka meðvitund almennings um hættuna sem fylgir ofnotkun sýklalyfja. Þá er í greinargerð starfshópsins lagt til að innleidd verði stefna um skynsamlega notkun sýklalyfja í dýrum, m.a. verði gefnar út leiðbeiningar um skynsamlega notkun þeirra. Þótt mikið hafi verið fjallað um notkun sýklalyfja og hættuna sem fylgir sýklalyfjaónæmum bakteríum hefur heildstæða stefnu vantað á Íslandi.

Lyfjastofnun Evrópu gefur árlega út skýrslu um sölu sýklalyfja sem ætluð eru dýrum í 30 ríkjum Evrópu.⁵ Í þeirri skýrslu má finna upplýsingar um notkun sýklalyfja í helstu innflutningsríkjum Íslands. Nauðsynlegt er að auka vitund almennings um efni skýrslunnar enda hefur skort mikið á miðlun upplýsinga til almennings um notkun sýklalyfja við framleiðslu matvæla. Hafi almenningur greiðan aðgang að þessum upplýsingum í sölurýmum verslana geta neytendur tekið ákvörðun um frá hvaða ríkjum þeir kaupa matvæli á grundvelli opinberra upplýsinga um notkun sýklalyfja í matvælaframleiðslu.

⁵ https://www.ema.europa.eu/en/documents/report/sales-veterinary-antimicrobial-agents-31-european-countries-2017_en.pdf